





Samþykki annarra eigenda hússins

Eigandi jarðhæðar 0839-5329

Eigandi 2. hæðar 160149-3969

Tilkynnt framkvæmd
Samþykkt þann
24. maí 2023
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Hildur Bjarnadóttir

Byggingarlýsing.

Núverandi hús:
Reykjavíkurvegur 42, Hafnarfirði. Landnr. 122144, staðgr. 1400-1-70100420.
Steinsteypt hús; kjallari og 2 hæðir, þak léttbyggt, stólað timburþak á steyptri loftplötu 2. hæðar, ysta klæðning þaks er bárujám.
Húsið teiknaði Ragnar Emilsson í apr.1959, bygg. ár er skráð 1959.

Fyrirhuguð framkvæmd:
15 cm þykkur, steyptur burðarveggur, milli eldhúss og skála er á arkit.teikningu sýndur sem heill veggur með einum dyrum og 4,53 m langur milli steyptra veggja.
Veggurinn verður tekinn burtu frá hurðaropi og út að útvegg. Í stað hans kemur stálbiti upp undir lofti, og átti hann að hvíla á veggstubbum, sem skildir yrðu eftir til endanna, ca. 15-16,5 cm hvorum megin, auk þess að boltast upp í plötuna fyrir ofan og festast við veggina fyrir endunum.
Burðarþol:
Áður innsend burðarþolsteikning sýndi hvernig burðurinn var fyrirhugaður.
Sú lausn telst ekki möguleg eftir nánari skoðun á húsinu.
Engar burðarþols-, vatns-, hitalagna-, né frárennslisteikningar eru til af húsinu og þurfti því að fara varlega í að kanna vegginn.
Kom í ljós, að á endanum næst útveggnum höfðu verið fjarlægðir/brotnir ca. 30 cm af veggnum og í staðinn er þarna eins konar lagnastokkur.
Þar eru 7 Ø1/2" neysluvatns- og hitalagnir og 1 Ø 50 mm frárennslisrör, og ná þær upp á 2. hæð hússins og niður í rými undir eldhúsgólfii 1. hæðar, sem er á teikningum kallað "óútgrafið". Þetta eru einu lagnir hússins, sem eitthvað er vitað um leguna á. Þessar lagnir verða ekki hreyfðar.
Í stað þess að hvíla á veggstubbi við útvegg verður skotið stálsúlu undir bitann vel innan við lagnagatið. Sú súla stendur á gólfi 1. hæðar, beint yfir steyptum vegg í kjallara, en efri endinn tengist bitanum, sem er undir loftinu.
Við útvegginn verður nú gerður ca. 60 cm. langur veggur, þ.e. hann stendur álíka langt fram og innréttingar og tæki í eldhúsi og inniheldur hann súluna og lagnirnar.
Burðarkerfi hússins:
Sem burðarþolshönnuður get ég staðfest, að þessi framkvæmd hefur engin áhrif á styrk burðarkerfis hússins, að því tilskyldu, að verkið sé unnið í samræmi við sérteikningu verkfræðings um frágang, uppbyggingu og festingar.

Halldór Hannesson bygg.verkfr.

Brunavörn:
Bæði bitinn, súlan og nýi veggurinn verða klædd og brunavarin skv kröfum REI 90.
Sjá annars fyrirkomulag festinga og brunavarna á sérteikningu verkfræðings.

15/5 '23 HH

VERKFRÆÐISTOFA HALLDÓRS HANNESSONAR S.8531573 GUNNARSSUNDI 10 HAFNARFIRÐI hallhannes@gmail.com	
Reykjavíkurvegur 42 Hafnarfirði Brotinn veggur milli eldhúss og skála í íbúð 0101	Mkv. 1:100
	Reiknað H H
	Teiknað HH
	Kt. hönnuðar:141139-2159
	Breytt:
Verk: Rvkvegur 42 Teikn.nr.: 1 Dags.:10 maí 2023	